

Akureyrarbær
Sviðsstjóri Þjónustu og skipulagssviðs
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 15. maí 2023
INN2301010/SJ

Efni: Afskráning lóðarinnar Eyjafjarðarbraut L209042.

Isavia Innanlandsflugvelliir ehf. (félagið) óskar eftir afskráningu lóðarinnar Eyjafjarðarbraut L209042. Um er að ræða óbyggða lóð talin 7.200 m² að stærð á Akureyrarflugvelli sem er í umsjá félagsins en í eigu Ríkissjóðs Íslands.

Lóðin L209042 var stofnuð ásamt lóðunum L209041 og L209043 með skjali dags. 30. ágúst 2006. Skjalið var þinglýst hjá Sýslumanninum á Akureyri merkt nr. 4371 í þinglýsingarbókum embættisins. Þessi óbyggða og óúthlutaða lóð fékk fastnúmerið F233-7934 í fasteignaskrá og virt fasteignamati skv. lögum þar af lútandi. Af hálfu Akureyrarbæjar hefur verið lagður á fasteignaskattur á lóðina frá árinu 2007.

Á sínum tíma var fyrirhugað að úthluta lóðinni til byggingar flugskýlis og ráðast jafnframt í framlengingu á akbraut suður frá Flugsafni og gerð flughlaðs við eystri lóðamörk. Af þeim áformum varð ekki og hefur ekki orðið í þessi 15 ár sem lóðin hefur verið til í deiliskipulagi. Útséð er með að byggt verði á lóðinni í náninni framtíð. Bæði er kostnaður við lóðargerð og tengingar við flugbrautarkerfið verður gríðarlegur en einnig hitt að áherslur Isavia Innanlandsflugvalla ehf. varðandi lóðir eða svæði fyrir stórar byggingar eru aðrar í dag en voru hjá Flugmálastjórn Íslands á árinu 2000, sbr. deiliskipulagstilögur fyrir Akureyrarflugvöll sem nú eru í vinnslu á vegum félagsins og Akureyrarbæjar.

Þar er reiknað er með 3 stórum flugskýlum/byggingum fyrir flugtengda starfsemi norðan við flugstöðvarbygginguna, og verða flughlöð skýlanna, og lóðaruppfylling sem gerir þær að aðlaðandi kosti að mati félagsins.

Að þessu sögðu fer Isavia Innanlandsflugvelliir ehf. hér með þess á leit við byggingarfulltrúann á Akureyri, að lóðin verði felld úr skrá og hún sameinuð útvísuðu landi Akureyrarflugvallar númer L147548.

Tekið er fram að lóðin verður þó áfram á deiliskipulagi en þegar og ef til úthlutunar mun hún fá nýtt landnúmer á vegum lóðarhafa.

Virðingarfyllst,

Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri